

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur almennra bifreiðaverkstæða, verkstæði fyrir þungavinnutæki og annan skyldan rekstur.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	112/2012 og rgl. nr. 550/2018	
2.2	Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhræ, bílhluti og annan úrgang á lóðum sem getur valdið mengunar- eða slyshættu, þar með talið sjónmengun.	737/2003	
2.3	Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.	
2.4	Bifreiðum, sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila.	737/2003 16. og 18. gr.	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
3.2	Hafa skal olúgildru á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.	798/1999 5. gr.	
3.3	Halda skal notkun olúhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápuefni og/eða olúhreinsa sem hæfa olúgildrum.	550/2018	
3.4	Hafa skal reglubundið eftirlit með olúgildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.	798/1999 5. gr.	
3.5	Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefni, þ.m.t. olúmengað vatn, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.	798/1999 5. gr.	
3.6	Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúgildru.	798/1999 5. gr.	

4. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Eldsneytistankar og olúlagnir þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
4.2	Díselolíutankur með afgreiðsludælu skal staðsettur á steypu plani með árekstursvörn og skulu niðurföll tengd olúskilju.	884/2017	
4.3	Staðsetja skal tanka og tunnur undir olíuefni þ.m.t. úrgangsolíu í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir.	550/2018 og rgl. nr. 884/2017	
4.4	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt þar sem ekki stafar mengunarhætta af og í upprunalegum umbúðum. Eiturefni s.s. flúrsýru skal geyma í læstum skáp. Skápurinn skal vera loftræstur og við hillur skulu vera lekabyttur.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
4.5	Öryggisblöð fyrir merkingaskyld efni skulu vera á staðnum.	888/2015 5. gr. og lög nr. 61/2013	

5. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Olúsíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Þurrum, pressuðum olúsíum má skila með málmúrgangi.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.2	Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.3	Ganga skal frá olúsmituðum úrgangi þar til að hann er fluttur til förgunar að ekki sé hætt á mengun.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.4	Rafgeymar teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.5	Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.6	Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):